


OECD *Multilingual Summaries*

Education at a Glance 2018

OECD Indicators

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/eag-2018-en](https://doi.org/10.1787/eag-2018-en)

Menntun í hnotskurn 2018

Hagvísar OECD

Útdráttur á íslensku

Áhrif af félagslegri og efnahagslegri stöðu á jafnræði í menntun hafa tilhneigingu til að ágerast út ævina

Þrátt fyrir verulega hækkun menntastigs síðastliðinn áratug er fólk sem á lítt menntaða foreldra, sem í sjálfu sér er merki um bága efnahagslega og félagslega stöðu, ólíklegra til þess að njóta menntunar á barnsaldri, ljúka framhaldsskólanámi og halda áfram menntun á æðra stigi en fólk sem á að minnsta kost eitt foreldri sem lokið hefur námi á háskólastigi. Tveir þriðju fólks á aldrinum 25-64ra ára sem á foreldra sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi munu að jafnaði ná hærra menntastigi en foreldrarnir en flestir í þeim hópi ljúka starfsnámi á framhaldsskólastigi. Svipaða sögu er að segja um háskólastigið: í löndum OECD sem tölur liggja fyrir um er fólk á aldrinum 18-24ra ára sem á foreldra sem ekki hafa lokið háskólanámi aðeins 47% nýskráðra nemenda í skemmra eða lengra nám á bakkalárstigi eða sambærilegt þótt það svári til 65% af þeim aldurshópi. Þetta ójafnræði kemur síðan fram á vinnumarkaðinum: þeir sem einungis hafa náð að ljúka námi á framhaldsskólastigi eru ólíklegri til þess að vera í vinnu og þeir þéna 65% af tekjum jafnaldra sinna sem lokið hafa námi á háskólastigi.

Kynjabilið er hagstætt stúlkum í menntun, en körlum á vinnumarkaði

Að meðaltali í þeim löndum OECD þar sem tölur liggja fyrir eru piltar 60% þeirra sem þurfa að endurtaka ár á framhaldsskólastigi og þeir eru ólíklegri til þess að ljúka því námsstigi en stúlkur. Af því leiðir að fleiri stúlkur útskrifast af þessu stigi en strákar. Karlar eru einnig ólíklegri en konur til þess að ljúka námi á háskólastigi: 38% karla á aldrinum 25-34ra ára voru með menntun á háskólastigi í löndum OECD árið 2017, samanborið við 50% kvenna á sama aldri, og það bil hefur farið vaxandi undanfarin 10 ár.

Þrátt fyrir aukna menntun er árangur kvenna á vinnumarkaði engu að síður lakari. Að meðaltali í löndum OECD eru 80% kvenna með menntun á háskólastigi í vinnu, samanborið við 89% ungra karla með sömu menntun, og misræmið eykst eftir því sem neðar dregur í menntaskalanum. Konur með menntun á háskólastigi þéna einnig að meðaltali 26% minna í löndum OECD en karlar með háskólamenntun. Þessi launamunur endurspeglar kynjabilið sem mælst hefur milli hálauna og láglæna menntasviða á háskólastigi, en hann gæti einnig stafað af meiri líkum þess að konur fari gegnum athafnaleysis- eða atvinnuleysisstímabil, sem kann að hægja á launahækkunum.

Fullorðnir sem eru fæddir erlendis og þeir sem eru af erlendu bergi brotnir eru ólíklegri til þess að vera þátttakendur í menntun og ná árangri á vinnumarkaði

Innflytjendur af fyrstu og annarri kynslóð eru í minnihluta meðal þeirra sem skrá sig í nám á bakkalárstigi eða lengra fyrsta þreps háskólanámi í þeim löndum sem gögn eru til um. Fullorðnir sem fæddir eru utanlands og koma til gístillandsins 26 ára eða eldri eru einnig ólíklegri til þess að taka þátt í formlegri og/eða óformlegri menntun en innfæddir jafnaldrar þeirra sem komu fyrir 25 ára aldurinn, því þeir eru ókunnugri menntakerfinu og verr að sér í tungumáli gístillandsins.

Í flestum löndum OECD er atvinnustig lægra meðal fólks með menntun á háskólastigi sem fætt er utanlands en meðal innfæddra jafnaldra, meðan hið gagnstæða á oft við um þá sem minni menntun hafa. Þessar gagnstæðu tilhneigingar eru til marks um vandkvæðin sem fullorðnir með háskólapróf eða sambærilegt, sem fæddir eru erlendis, standa frammi fyrir þegar þeir reyna að fá menntun sína og reynslu viðurkennda í gístillandinu og hversu fagnandi atvinnurekendur taka lægri launakröfum fólks sem fætt er utanlands og hefur litla menntun. Fólk af erlendum uppruna er einnig líklegra til þess að vera hvorki í vinnu, námi eða þjálfun. Þannig er ástatt fyrir 18% fólks af erlendum uppruna á aldrinum 15-29 ára, samanborið við 13% innfædds ungs fólks.

Þrátt fyrir aukin opinber útgjöld kemur umtalsverður hluti heildarfjárveitinga til náms á háskólastigi og fyrir skólaskyldualdur frá einkaaðilum

Milli 2010 og 2015 jukust útgjöld á hvern nemanda um 5% á grunnskólastigi og neðra og æðra framhaldsskólastigi og um 6% á háskólastigi. Menntastofnanir eru enn að mestu kostaðar með opinberu fé. Á árinu 2015 kom 90% þess fjár sem veitt var til grunnskóla og framhaldsskóla og 66% fjárframlaga til menntunar á háskólastigi úr opinberum sjóðum. Þar sem stærra hlutfall þess fjár sem stendur undir námi á háskólastigi kemur frá heimilum hefur verið komið á landsbundnum áætlunum um stuðning við fjölskyldur. Að minnsta kosti 75% nemenda í þeim löndum þar sem skólagjöld eru hæst njóta góðs af slíkum lánum eða styrkjum.

Nú þegar fleiri börn á aldrinum 3ja til 5 ára eru í forskólanámi er opinber fjárfesting í forskólum einnig að aukast og nam 83% af heildarfjármögnun árið 2015. Á síðasta áratug jókst þessi hlutdeild um fjögur prósentustig í þeim löndum sem gögn eru til um. Að meðaltali í öllum löndum OECD stundar eitt barn á hverjum þremur nám í einkaskólum – það er hærra hlutfall en á nokkru öðru námsstigi utan háskólanáms.

Í kennarastéttinni gætir enn mikils kynjamunar

Nær allir kennarar á forskólastigi eru konur en færri en einn af hverjum tveimur kennurum á háskólastigi eru konur. Á síðasta áratug hefur þetta kynjabil aukist á grunn- og framhaldsskólastigi en dregist saman á háskólastigi. Að laða karlkennara að stéttinni er sérlega erfitt mál, því þótt meðallaun kvenkennara séu jöfn eða hærri en meðallaun annarra háskólamenntaðra kvenna í fullu starfi eru kennarar á grunnskóla- og framhaldsskólastigi með einungis 77% og 88% af meðallaunum annarra háskólamenntaðra karla í fullu starfi.

Frá 2005 til 2015 hafa lögbundin laun kennara á grunn- og framhaldsskólastigi með 15 ára starfsreynslu og algengustu menntun og hæfi sem tíðkast í löndum þeirra hækkað um 5% til 8% að meðaltali í löndum og hagkerfum innan OECD sem gögn liggja fyrir um og eru þannig komin aftur upp í það stig sem þau voru á fyrir fjármálakreppuna. Einnig er mikil hvatning fyrir kennara að sækjast eftir skólastjórnunarstörfum, því rauntekjur skólastjóra eru a.m.k. 35% hærri en laun kennara og a.m.k. 20% hærri en meðaltekjur annars vinnandi fólks með háskólamenntun.

Aðrar niðurstöður

Misræmi milli svæða að því er varðar þátttöku í menntun hefur tilhneigingu til þess að aukast eftir því sem menntunarsstig hækkar. Þó kemur stærsti munurinn milli svæða innan landa fram í þátttöku í forskólamenntun og umönnun barna undir þriggja ára aldri.

Í helmingi landa og hagkerfa innan OECD sem tölur liggja fyrir um fá skólastjórnendur og kennarar sem starfa á illa settum eða afskekktum svæðum umbun í formi launauppbóta.

Í flestum löndum eru ákvarðanir um skipulag kennslustarfs aðallega teknar á skólastiginu en ákvarðanir um áætlanagerð og uppbyggingu, starfsmannastjórn og fjársýslu eru teknar á æðra stjórnstigi.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.



Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2018), *Education at a Glance 2018: OECD Indicators*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/eag-2018-en